

Alþingi
Erindi nr. P 130/535
komudagur 8.12.2003

Umhverfisnefnd Alþingis
Alþingi
150 – Reykjavík

Reykjavík 4. desember 2003

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afléttingu veiðibanns á rjúpu á þingskjali 154 – 154. mál.

Í bréfi dagsettu 25. nóvember 2003 og undirritað er af Evu Maríu Ævarsdóttur fyrir hönd umhverfisnefndar Alþingis er farið fram á að ég sendi umsögn um ofnagreinda þingsályktunartillögu. Sem formaður Dýraverndarráðs og varaformaður Fuglaverndarfélags Íslands hef ég tekið þátt í umsögnum um þessa þingsályktunartillögu á öðrum vettvangi. Í Dýraverndarráði var ég í meirihluta sem studdi þessa tillögu en í stjórn Fuglaverndarfélags Íslands var ég í minnihluta, en meirihluti stjórnar Fuglaverndarfélagsins lagðist gegn samþykkt tillögunnar (sjá innsend erindi þessara aðila). Í þessari umsögn mun ég gera ítarlega grein fyrir og rökstyðja afstöðu mína til þingsályktunartillögunnar.

Ég tel að með algjöru banni á rjúpnaveiðar hafi verið gengið of langt tek undir þá tillögu flutningsmanna að veiðibanni á rjúpu verði aflétt sem fyrst, en úr þessu er vart raunhæft að ætla að það verði fyrir en á næsta ári.

Helstu rök umhverfisráðherra fyrir banninu voru eins og segir í fréttatilkynningu 25/2003 frá umhverfisráðuneytinu að rjúpnastofninn „sé nú í lágmarki þ.e. toppar í hámarksárum hafa farið lækkandi og sveiflur að jafnast út, og að stofninum hefur hrakað jafnt og þétt frá sjötta áratug síðustu aldar. Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands ráða áhrif skotveiða miklu og hafa ber í huga að skotveiðarnar eru eini affallaþátturinn sem stjórnvöld geta haft áhrif á til skemmri tíma litið. Veiðarnar ganga á stofninn og draga verulega úr möguleikum hans til það komast upp úr núverandi lægð.“ Rök sín byggir umhverfisráðherra að sögn á álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) eins og sjá má í bréfi stofnunarinnar dagsettu 7. júlí 2003 og fylgiskjölum (sjá http://www.ni.is/efst/rjupa_fridun.phtml) en þar segir m.a. að rjúpnastofninn sé í sögulegu lágmarki og að stofnsveiflur séu að sléttast út. Í bréfi NÍ segir jafnframt að stefna beri að því að draga úr veiðum sem nemur 50-70% til að stofninn nái að vaxa líkt og hann gerði fyrrihluta síðustu aldar og að friða beri stofninn gegn skotveiðum næstu fimm árin með það að markmiði að leyfa ekki veiðar fyrir en stofninn hafi styrkst verulega og náð það sem þeir kalla góðu hámarki. Í umræðunni hefur umhverfisráðherra einmitt vísað til þessa og sagt að rjúpnastofninn **eigi** að vaxa um 50% á ári. Í orðum NÍ og umhverfisráðherra liggur að það séu veiðar á rjúpu sem hamli því að stofninn nái að vaxa með þeim hraða sem hann gerði á fyrri hluta síðustu aldar og segir NÍ í álitum sínum dagsettu 24. júlí 2003 að þeir telji áhrif skotveiða ráða hér miklu og að skotveiðar séu eini affallaþátturinn sem við getum haft áhrif á til skemmri tíma litið.

Er rjúpan í sögulegu lágmarki?

Ég tel að það hafi verið óheppilegt að nota þetta hugtak, sögulegt lágmark. Við erum hér að eiga við dýrastofn sem sveiflast með 10 ára stofnsveiflu og það flækir alla umfjöllun. Það má eiginlega segja að munurinn á svona sveiflóttum stofni eins og rjúpunni og stofni sem ekki sveiflast reglubundið að mælieiningin sé sveiflan í stað ársins hjá venjulegum stofni. Ef við miðum við þau talningasvæði sem mæld eru í dag má segja að við þekkjum 4 sveiflur, en talningar á 3 af þeim svæðum sem við teljum dag byrjuðu 1963 og stór hluti svæðanna er frá 1981. Við getum svo fengið

óbeinan samanburð frá fyrri tíð. Ef lágmarkið sem rjúpnastofninn er í núna er borið saman við fyrri lágmark sem við þekkjum þá sést að það er ekki það lægsta þannig að orðalagið sögulegt á ekki við þar, stofninn er bara í lágmarki eins og búast má við út frá 10 ára stofnsveiflunni og var síðast í lágmarki 1993. Menn hafa svo bent á að síðasta hámark hafi verið það lægsta sem við þekkjum en svo þarf ekki að vera heldur. Hingað til hafa menn horft á stofnsveiflunar fyrir einstök svæði og ekki borið þær saman tölfræðilega. NÍ bar reyndar saman síðustu 2 stofnsveiflur fyrir einstök svæði í fylgiskjali með tillögum sínum 2002 og sem fylgdi einnig tillögum þeirra 2003. Þar var notuð aðhvarfsgreining og út úr þeirri greiningu fékkst að meðaltali 66% fækkun á tímabilinu 1981-2002 og út frá þessari greiningu vill NÍ setja rjúpun á valista. Þessa greiningu hef ég gagnrýnt og bent á að ekki sé hægt að beita aðhvarfsgreiningu á þessi gögn þar sem forsendum sem slík greining gerir er ekki fullnægt og hefur það verið viðurkennt af sérfræðingum NÍ. Ég hef nú beitt annarri aðferð við greiningu á talningargögnum frá 1963-2003 sem kallast á ensku General Additive Models, skammstafað GAM og er farið að nota víða erlendis á svipuð gögn þar sem ákveðin svæði eru talin til að fá stofnvisitölu. Kostur þessarar aðferðar fram yfir þær sem notaðar hafa verið er að öll talningasvæðin eru notuð saman til að fá visitölu fyrir stofninn og einnig gefur þessi aðferð okkur 95% vilmörk á ferilinn. Sé þessi aðferð notuð á talningarnar 1962-2003 er ekki hægt að draga þá ályktun að stofninn sé nú í sögulegu lágmarki. Heldur er síðasta stofnsveifla svipuð að hæð og hún var á sjötta og sjöunda áratugnum. Á áttunda áratugnum reis sveiflan hæst og það var aðallega vegna þess að lægðin eftir sjöunda áratuginn var svo grunn að sveiflan hófst frá hærri byrjunarpunkti en hinar þrjár sem við þekkjum. Það er heldur ekki hægt að segja út frá þeim talningagögnum sem við höfum aftur til 1963 að sveiflan sé að jafnast út. Sé tímabilið 1963 –2003 borið saman við önnur gögn sem gefa okkur vísbendingar um stærð og sveiflur rjúpnastofnsins fyrir þennan tíma er margt sem bendir til að minna sé af rjúpu nú en var á fyrri helmingi síðustu aldar. Þar höfum við bæði tölur um útflutning á rjúpum til Evrópu til 1940, talningar á Fjöllum í Kelduhverfi 1950 – 90 og svo hausttalningar frá Skagafirði 1944 – 2001. Við samanburð virðist vera að eftir 1950 hafi orðið talsverð fækkun á rjúpum en áratugin þar á undan hafi verið mikil rjúpnamergröð eins og elstu menn tala um. Ég tel að um miðja síðustu öld hafi rjúpum fækkað og stofninn hafi haldist nokkuð stöðugur síðan. Hvað gerðist vitum við ekki, það gætu hafa verið atburðir tengdir fæðuvef, veðurfar eða eins og skilja má á NÍ að það séu veiðar.

Ef lítið er lengra aftur og þá á útflutningstölur sem ná aftur til 1865 og fram til 1940 þá sér maður að það verður gríðarlegt stökk í útflutningi um aldamótin 1900. Þessi aukning getur hafa stafað af því að nýir markaðir fyrir rjúpu hafi skyndilega opnast eða þá að eftirspurnin hafi verið fyrir hendi og framboðið skyndilega aukist vegna stækkandi rjúpnastofns. Til að svara þessu þarf að rannsaka sagnfræðileg gögn um markaðinn en slíkt hefur ekki verið gert. Aftur á móti hef ég verið að skoða gögn um rjúpnafjölda í nágrannalöndum okkar og þar eru vísbendingar um að eitthvað svipað hafi gerst m.a. í Noregi og Skotlandi. Hér er um að ræða athuganir mínar sem eru skammt á veg komnar og ég er að reyna að afla frekari gagna um. En það sem ég hef séð bendir til að í Noregi hafi orðið mikil aukning á rjúpu um aldamótin 1900 og verið óvenju mikið af þeim í upphafi 20 aldarinnar (sjá C. Smedshaug 2000. Was high grouse bag in early 20th century Norway due to a program for extinction of small game predators? *Ecography* 24:5 597-587.). Einnig eru vísbendingar um svipaðan hlut í Skotlandi (Peter Hudson munnl. upplýsingar), mikið af rjúpum fyrri hluta síðustu aldar en síðan fækkun um 1940 og minna eftir það. Hér er um spennandi viðfangsefni að ræða og vísbendingar um að rjúpnamergröðin fyrrihluta síðustu aldar

hafi hugsanlega verið óvenjulegt ástand sem ekki er víst að komi aftur. Ég ítreka þó aftur hér að ekki eru miklar athuganir enn að baki þessari tilgátu og henni verður að taka með fyrirvara. En ef fótur er fyrir henni er engan veginn víst að við náum að sjá aftur 50% vaxtarhraða og mikla rjúpnamergröð sem sást á fyrrihluta síðustu aldar þó svo að rjúpan verði alfriðuð.

Áhrif skotveiða.

Hver eru áhrif skotveiða á íslenska rjúpnastofninn? Í álitni NÍ dagsettu 24. júlí 2003 segir að skotveiðar á rjúpu hafi verið stundaðar með þeim formerkjum að veiðar hafi engin á stofninn. Hér er átt við að menn hafa talið hingað til að rjúpnastofninn bæti sér upp veiðafföllin með því að það dragi úr öðrum afföllum á móti en að veiðiafföll bættist ekki bara við náttúruleg afföll. Það væri kannski nær að segja að skotveiðar hafi í gegnum tíðina verið taldar hafa lítil áhrif ferkar en engin. Bæði er líklegt að veiðar hafi mismikil áhrif eftir því hvenær ársins þær eru stundaðar og eins eru flestir sammála að líklega séu áhrif skotveiða á stofninn mestar þegar hann er í lægð. Það sést á þeim rannsóknum sem stundaðar hafa verið á rjúpum hér og m.a. er fjallað um á ofangreindri vefsíðu NÍ að afföll á rjúpu eru mikil og mest í upphafi vetrar. Þannig er líklegt að veiðar í upphafi hausts og vetrar hafi minni áhrif en veiðar sem væru stundaðar um miðjan vetur eða síðla vetrar. Athuganir NÍ á áhrifum veiða á rjúpu benda sumar til að veiðar hafi áhrif. Á ég þar við athuganir á radiómerktum rjúpum í Mosfellssveit. Veiðialag þar var reyndar mjög mikið og reyndust 67% rjúpnanna falla af völdum veiða (sjá <http://www.ni.is/efst/ofveiddrjupa.phtml>). Samanburður við ár sem ekki var veitt benti til að hluti af þessum afföllum hafi bæst við náttúruleg afföll og að stofninn hafi ekki náð að bæta sér það upp. Þetta svæði, Mosfellssveitin, er þó líklega óvenju mikið sótt þannig að líklegt er að hér sé um staðbundna ofveiði að ræða og ekki líklegt að þetta veiðialag megi yfirfæra á landið allt. Önnur athugun NÍ á rjúpum í Hrísey leiddi reyndar í ljós gríðarleg náttúruleg afföll (http://www.ni.is/efst/rjupa_eyjafjordur.phtml). Í þeirri athugun var veiði bara 4% dauðsfallanna en samt sem áður voru heildarafföll síst minni en í Mosfellssveit árin sem veitt var þar og veiðiafföllin voru 67%. Því hefur því engan veginn verið svarað hér hve mikil áhrif veiða séu. Einnig má segja að samanburður talningasvæða bendi til að veiðar hafi lítil áhrif á stofnsveifluna. Kvísker í Örafum er eitt af 3 talningasvæðum sem talin hafa verið frá 1963 og þar hefur verið merkt talsvert af rjúpum á því tímabili (sjá Ólafur K.Nielsen og Hálfván Björnsson 1997. Rjúpnarannsóknir á Kvískerjum 1993–1995. Náttúrufræðingurinn 66(3-4) 115-123.). Á Kvískerjum og í kring eru rjúpnaveiðar lítið sem ekkert stundaðar og athuganir á endurheimtum rjúpna sem merktar voru á tímabilinu 1934–95 (alls 916 rjúpur merktar) benda til að veiðiafföll á Kvískerjarjúpum séu innan við 1%. Hrísey á Eyjafirði hefur einnig verið talin frá 1963 og á það sameiginlegt með Kvískerjum að þar hefur mikið verið merkt af rjúpum. Veiðiafföll þar eru mörgum sinnum meiri og þó ég hafi ekki tiltæk gögn um hve mikil þau eru þá er það líklega ekki minna en 10-15% að meðaltali og ekki ólíklegt heldur að veiðialag á Birningsstöðum í Laxárdal sé svipað en það er þriðja svæðið sem talið hefur verið frá 1963. Ef stofnsveiflan er borin saman á þessum þrem stöðum er hún mjög svipuð og gefur ekki tilefni til að álykta að veiðar hafi mikil áhrif á stofnsveifluna. Í ljósi umræðunnar nú og áður þá er það mjög mikilvægt að reyna að svara því hver áhrif skotveiða séu á rjúpnastofninn. Þekkingarskortur okkar á því hefur löngum valdið deilum og sérstaklega þegar rjúpan er í náttúrulegri lægð eins og nú. Því miður munum við líklega vera engu nær um áhrif veiða þó friðað verði næstu 3 árin. Náttúrufræðistofnun áformar engar nýjar rannsóknir sem munu geta mælt áhrif

fríðunar á stofninn og þegar undirritaður spurði beint eftir því á ársfundi Náttúrufræðistofnunar 2003, þar sem m.a. var fjallað um veiðiráðgjöf, var svarið að þetta væri neyðarráðstöfun en ekki tilraun og ekki hægt að fullyrða um að þó fjölgun yrði að það væri vegna fríðunar. Því er líklegt að við munum standa í sömu sporum eftir 10 ár þegar líklegt er að stofninn verði aftur í lægð.

Er ástæða til aðgerða nú og þá hvaða aðgerða?

Í sjálfu sér er það ekki ef miðað er við tímabilið frá 1963. Stofninn er í náttúrulegri lægð og ekkert sem bendir til annars en að hann ætti að fara upp á við á næstu árum þó við vitum ekki hve hátt hann muni ná. Það er þó líklegt þar sem hann er í lægð að áhrif veiða séu meiri nú en þegar stofninn er í kringum hámark. Því eru flestir sammála um að rjúpan verði látin njóta vafa og reynt sé að draga úr veiðiálagi í lágmarksárum og á það við um veiðimenn sem aðra. Um leiðir eru menn aftur á móti ósammála. Það má draga úr veiðum með ýmsum aðferðum eins og t.d. þeim sem taldar eru upp í þingsályktunartillögunni. Veiðibann er aftur á móti aðgerð sem gengur mjög langt og bitnar bæði á veiðimönnum og þeim sem vanir eru að borða rjúpur á jólum en samkvæmt könnunum eru það nær fimmtungur þjóðarinnar. Þá eru rjúpnaveiðar ekki einangrað fyrirbæri þannig að líklegt er að veiðibann á rjúpu geti aukið sókn í aðra villibráð svo sem gæsir. Það að auka veiðiálag á grágæs er ekki talið æskilegt þar sem heildarveiði á þeim er talin vera við eða yfir þolmörkum stofnsins og veiðiálag á blesgæs má alls ekki auka því sá stofn hefur minnkað hratt síðustu ár og ef ástæða er til að vernda einhvern veiðistofn þá er það blesgæsin (Sjá Arnór Þórir Sigfússon 2003. Blesgæsin, Skotvís 8).

Ég tel því að mun æskilegra hefði verið að grípa til takmarkana á rjúpnaveiðum jafnframt því sem reynt væri að mæla áhrif veiða. Af þeim aðferðum sem taldar eru upp í þingsályktunartillögunni þá tel ég bann við sölu á villibráð einfaldasta og öflugasta. Þá hafa rannsóknir í Skandinavíu bent til að net griðlanda geti verið mjög öflug verndaraðgerð og finnst mér sjálfsagt að því verði komið upp, en í dag eru mörg svæði þar sem veiðar eru bannaðar og sjálfsagt að fjölga þeim. Þar er líklega betra að hafa fleiri smærri svæði en fá stór. Stytting veiðitíma er flóknari aðgerð að útfæra og vara ég sérstaklega við að taka framan af veiðitímanum. Einhverskonar kvóti er aðgerð sem ætti að virka vel en gæti krafist meira eftirlits en aðrar.

Ef umhverfisnefnd óskar þá er ég reiðubúinn að koma á fund nefndarinnar og skýra sjónarmið mín nánar eða annað það er varðar rjúpur.

Virðingarfyllt

Dr. Arnór Þórir Sigfússon
Fuglafræðingur.

Efni: umsögn Arnþórs Garðarssonar um tillögu til þingsályktunar um afléttingu veiðibanns á rjúpu, 130. löggjafarþing 2003-2004, 154. mál.

Með bréfi dags. 25. nóvember 2003 óskaði Umhverfisnefnd Alþingis eftir umsögn undirritaðs um tillögu til þingsályktunar um afléttingu veiðibanns á rjúpu, 154. mál. Efni tillögunnar er tvíþætt: 1) að umhverfisráðherra aflétti veiðibanni á rjúpu sem fyrst, 2) að í stað veiðibanns verði tilteknar leiðir, ein eða fleiri, farnar til að vernda rjúpnastofninn.

Umsögn

Undirritaður er efnislega sammála framkominni þingsályktunartillögu en leggur til að í fyrri málsgrein hennar bætist ákveðin dagsetning “haustið 2004” á eftir orðunum “sem fyrst”.

Greinargerð

Við samningu umsagnar og þessarar greinargerðar kannaði ég tiltæk rit um stofnbreytingar rjúpna hér á landi svo og ýmis bráðabirgðaálit og óbirt gögn um sama efni. Þá hef ég lauslega farið yfir nýleg alþjóðleg rit um skyld efni.

Rétt er að taka það fram í upphafi að bæði veiðibann ráðherrans og þingsályktunartillaga þessi virðast ganga út frá því að skotveiðar eins og þær eru nú stundaðar hafi neikvæð áhrif á íslenska rjúpnastofninn. Undirritaður telur sig ekki sjá þess merki í þeim rannsóknaniðurstöðum sem nú liggja fyrir að veiðar hafi slík áhrif.

Hitt er annað mál, að aðrar ástæður en stofnfræðilegar geta legið til grundvallar afstöðu manna til veiða. Almenn mannúðar- og dýraverndarsjónarmið geta til dæmis vegið þungt, og einnig verður að segjast að ruddalegar aðferðir sumra veiðimanna við að ferðast um landið, tilhneiging þeirra til að velja sér afkastamikil skotvopn og vond meðferð bráðarinnar eru allt atriði sem eru til þess fallin að snúa hugum okkar gegn rjúpnaveiðum. Á hitt ber að líta að fuglaveiðar eru mörgum eftirsótt frístundaiðja, sem stunduð er af hófsemd og virðingu, og veiðimenn eru hópur sem hafa beina hagsmuni af skynsamlegri og vistvænni meðferð stórra landsvæða. Veiðimenn og umhverfisverndarmenn eiga því oftast en ekki samleið.

Stofnsveiflur

Almennt má segja að dýrastofnar breytist óreglulega í tíma en fjöldinn er þó oft í grennd við eitthvert langtíma-meðaltal. Þegar meðaltalið breytist yfir löng tímabil er talað um leitni (trend), en oft ná töluleg gögn ekki til nægilega langs tíma til þess að hægt sé að greina leitni með vissu. Sumir stofnar sýna reglulegar breytingar í fjölda, svonefndar sveiflur sem yfirleitt hafa fasta sveiflutíðni, 3-4 ár, 6-7 ár eða um 10 ár á milli hæða eða lægða. Helstu dæmi um slíkt eru jurtaetur (hérar, læmingjar og hænsnfuglar) á norðurlóð og rándýr sem á þeim lifa. Þessar jurtaetur lifa að mestu á vaxtarvef og geta haft veruleg áhrif á gróður með beit. Afkoma rándýranna er líka mjög háð þessum jurtaetum, og eru þau oft sérhæfð að ákveðinni bráð. Nærri má geta að stofnsveiflurnar hafa orðið tilefni til mikilla vangaveltna og umfangsmikilla rannsókna um allt norðurhvel. Þær tilgátur um sveifluvalda sem hafa verið mest til

umræðu á síðustu árum ganga flestar út frá því að bæði beitaráhrif og rándýr séu mikilvægir orsakavaldar, en einnig liggur fyrir að innri breytingar í sveiflóttum stofni geta verið mikilvægar og eru þar einkum tilnefndar breytingar á árásargirni (aggression) og aldursdreifingu.

Rjúpan hér á landi

Stofnsveiflur íslensku rjúpunnar eru þekktar af óbeinum gögnum yfir langan tíma (Finnur Guðmundsson, bls. 269-275, Proc. XII int. Orn. Congress, 1960; Ólafur K. Nielsen og Gunnlaugur Pétursson, Wildl. Ecol., 1, 65-71, 1995). Lifnaðarhættir rjúpunnar og einkenni stofnsveiflunnar voru könnuð ítarlega hér á landi á árunum 1963-1969, auk þess sem fylgst var með stofnbreytingum á nokkrum stöðum til 1977. Helstu niðurstöður þessara rannsókna voru að rjúpan væri líkleg til að hafa veruleg áhrif á jurtafæðu sem hún lifir á, að framleiðsla eggja og unga væri mikil að staðaldri, og að nýliðun ársgamalla fugla stjórnaði því hvort fjölgun eða fækkun yrði í stofninum (sjá Arnþór Garðarsson, bls. 300-329 í Adaptive strategies and population ecology of northern grouse, ritstj. A.T. Bergern og M.W. Gratson, Minneapolis, 1988). Nýliðun ræðst af því hve margir ungfuglar lifa af til næsta vors, frá því að þeir koma úr eggjum. Hægt er að skipta þessu tímabili nánar með því að nota hlutföll unga á varpstöðvum og aldursdreifingu í afla. Sú greining benti til þess að fækkun rjúpunnar 1966-1969 stafaði að mestu af afföllum síðari hluta vetrar, en afföll fyrri hluta vetrar fóru vaxandi þegar á leið lögðina.

Frá 1981 hafa farið fram rannsóknir þar sem fylgst hefur verið reglubundið með stofnbreytingum í Þingeyjarsýslum (fjöldi karra og aldursdreifingu að vori, fjöldi unga á kvenfugl síðsumars), svo og aldursdreifingu í afla (samfellt frá 1989). Niðurstöðurnar styðja það sem áður var komið fram, að nýliðun ársgamalla fugla stjórnaði því hvort fjölgun eða fækkun yrði í stofninum (Ólafur K. Nielsen, Fjölrit Náttúrufræðistofnunar, 39, 1999). Ekki var reynt að greina niðurstöðurnar eftir tímabilum vetrar. Engar rannsóknir voru gerðar á beitaráhrifum en hins vegar var mikil áhersla á viðbrögðum fálka við breytingum á fjölda rjúpna (Ólafur K. Nielsen, J. Anim. Ecol., 68, 1034-50, 1999). Loks hefur verið fylgst vandlega með afdrifum rjúpna yfir veturinn á takmörkuðum stöðum og hafa þau gögn verið notuð sem rökstuðningur við þá hugmynd að veiðar hafi veruleg áhrif á rjúpnastofninn.

Segja má að fyrrgreindar rannsóknir hafi fyrst og fremst beinst að því að kanna almennt atburði sem tengjast 10-ára sveiflu íslensku rjúpunnar, fræðimenn hafa yfirleitt ekki gert ráð fyrir að veiðar skiptu verulegu máli í því sambandi og því ekki lagt áherslu á að rannsaka þær sérstaklega. Auðvelt er að sýna fram á að nýliðun ársgamalla fugla í varpstofninn er besta skýringin á fjölgun eða fækkun í rjúpnastofninum frá ári til árs en þó er nánari greining á fyrirliggjandi gögnum æskileg.

Framvinda rjúpnastofnsins síðustu áratugi

Veiðibann umhverfissráðherra 2003 virðist vera byggt á þeirri hugmynd (1) að rjúpnastofninn fari sífellt minnkandi og hafi verið miklu stærri áður fyrr. Einnig virðist gert ráð fyrir því (2) að friðunaraðgerðir á fyrri hluta 20. aldar hafi skilað

árangri. Loks virðist gengið út frá því (3) að dauðsföll af völdum skotveiða séu sjálfstæður affallaþáttur, sem bætist við önnur afföll, og vorstofninn stækki því ef veiðum haustið áður sé hætt. Hér á eftir verður fjallað nokkuð um þessi þrjú atriði.

1) Engin bein, endurtakanleg gögn liggja fyrir um fjölda (þéttleika) rjúpna á Íslandi fyrir en árið 1963. Að vísu telja margir að rjúpnahámarkið um 1955 hafi líklega verið mun stærra en þekkt hefur síðan og heyrst hefur að 1945 hafi einnig verið mjög mikið rjúpnaár. Þá hafa nýlega birst tölur tveggja áhugamanna sem ná aftur á þessa blómatíma, og ber saman við þessar lausafregnir, en erfitt er að sannreyna upplýsingarnar. Talningar í Hrisey og á 6 stöðum í Þingeyjarsýslu sýna fjögur hámarksár eftir 1960: árin 1966, 1974, 1986 og 1998. Lágmarksár voru 1970, 1993 og 2003 – talningar vantar kringum 1980 og ekki er víst að þá hafi komið neitt afgerandi lágmark. Hámarksár 1966 og 1986 voru álíka stór, hámarkið 1974 var afar lítið og 1998 fremur lítið. Á árunum 1974-1976 urðu miklar gróðurskemmdir á þingeyskum heiðum, sem gengu undir nafninu svartidauði og voru taldar stafa af maðki, a.m.k. að einhverju leyti (Helgi Hallgrímsson, Týli, 7, 13-15, 1977). Má ætla að þessi plága hafi getað haft veruleg áhrif á rjúpnastofninn þar um slóðir. Samfelld syrpa af talningum á Kvískerjum í Örfæm sýnir mikið hámarksár 1966, litla sveiflu um 1974 og raunar tíðindalítið til 1987, en þá verður aftur sveifla niður og loks lágt hámark 1997. Lágmark sjást á Kvískerjum 1971 og 1991-2. Í bráðabirgðaskýrslu sem Náttúrufræðistofnun birti 2002 eru gögn frá 10 stöðum um tvær síðustu sveiflurnar túlkuð með aðhvarfsgreiningu þannig að rjúpnastofninn sé á niðurleið, sú túlkun er þó mjög varasöm þar sem aðeins er um að ræða tvær sveiflur.

Niðurstaðan af því að kanna þessi gögn er sú að gömul hugmynd um að hámarksár í rjúpnastofninum séu mishá virðist vera staðfest. Hugsanlega hafa einhver fyrri hámarksár verið mun stærra en við höfum séð á síðustu fjórum áratugum. Hins vegar liggur alls ekki fyrir að rjúpnastofninn fari minnkandi til langs tíma.

2) Oft er erfitt að meta gæði og sambærileika gagna, sem safnast hafa fyrir á löngum tíma við breytilegar aðstæður. Í rökstuðningi fyrir nauðsyn alfriðunar rjúpu núna er látið að því liggja að fyrri friðanir hafi skilað árangri, svo sem sjáist á fjölda útfluttra rjúpna, og bent sérstaklega á að eftir friðunartímabilið 1920-1923 hafi fylgt 4 mestu góðari sögunnar í útflutningi rjúpna (Jón G. Ottósson o.fl., Mbl 17. ágúst 2003). Þess er hins vegar ekki getið að eftir friðunartímabilið 1930-1932 fylgdu fremur rýr útflutningsár. Hér skortir einfaldlega staðgöð gögn.

3) Stofnstærð eða fjöldi hverju sinni stjórna af fæðingum og dauðsföllum, auk þess sem aðflutningur og brottflutningur hafa svæðisbundin áhrif. Viðteknað kenningar um takmörkun stofnstærðar gera yfirleitt ráð fyrir að þéttleiki stofnsins miðað við gæði umhverfisins (svo sem fæðu eða örugga bústaði) hafi afgerandi áhrif, með öðrum orðum að stofnstærð sé ákvörðuð af umhverfinu á þéttleikahátt. Umdeilt er hvort allir þættir, sem hugsanlega hafa áhrif á stofnstærð, séu háðir þéttleika og hvort slíkir þættir eigi alltaf við, til dæmis á mismunandi útbreiðslukvarða.

Nú á tímum eru veiðar stundaðar og leyfðar á þeirri forsendu að veiðar hafi ekki áhrif á þann stofn (höfuðstól) sem á að framleiða næstu kynslóð veiðidýra. Yfirleitt er gengið út frá því sem vísu að veiðar séu þéttleikaháður þáttur. Auk þess er almennt reynt að skipuleggja skotveiðar þannig að þær fari fram á þeim tíma sem einstaklingar af viðkomandi tegund hafa náð fullri stærð og líkurnar til að lifa fram á næsta æxlunartímabil séu sem minnstar. Frá þessu sjónarmiði hefur veiðitími rjúpu á Íslandi löngum verið hafður of seint að haustinu. Hefð er fyrir því veiðitími hefjist 15. október og endi 22. desember. Þessi hefð um upphaf veiðitímans mun vera tilkomin á útflutningsárunum, vegna þess að rjúpur voru flokkaðar í gæðaflokka eftir útliti, best verð fékkst fyrir óblóðugar og alhvítar rjúpur, en alhvít verður rjúpan yfirleitt ekki fyrir en um miðjan október. Ef veiðitíma er ætlað að hafa sem minnst áhrif á varpstofninn ætti hins vegar að byrja veiðar um miðjan september og mætti gjarna hætta þeim miklu fyrir en nú er gert, t.d. í lok október. Þessi fróðleikur virðist ekki enn hafa náð til þeirra stofnana, nefnda og félaga sem hafa tjáð sig um veiðitíma rjúpu.

Nokkrir fræðingar hafa haldið því fram að dauðsföll af völdum skotveiða séu sjálfstæður affallapáttur sem bætist við önnur afföll, og varpstofninn aukist því ef veiðum haustið áður sé hætt. Sé gert ráð fyrir að veiðar hafi áhrif, þyrfti annað hvort að afnema þær eða haga þeim í samræmi við stofnstærð hverju sinni, þ.e. taka alltaf tilvarandi hlutfall af stofninum. Þessar hugmyndir eru þó enn á mótunarstigi (sjá t.d. Aanes o.fl., Ecol. Applic. 12, 281-290, 2002; Jonzen o.fl., Wildl. Biol., 9, 59-65) og gefa ekki tilefni til róttækra aðgerða.

Ábendingar um vöktun og rannsóknir

Undirritaður leggur áherslu á nauðsyn þess að haldið verði áfram þeirri vöktun sem nú fer fram á þéttleika og afkomu rjúpa á svæðum þar sem lengi hefur verið talið, svo og á aldursamsetningu aflu og fjölda veiddra fugla. Vöktun er grunnforsenda þess að hægt sé að taka rökstuddar ákvarðanir um vernd rjúpnastofnsins og fyrirkomulag veiða.

Sýnt hefur verið fram á að nýliðun ársgamalla fugla í varpstofninn skýrir að mjög miklu leyti fjölgun og fækkun í rjúpnastofninum frá ári til árs. Nánari greining á fyrirliggjandi gögnum um aldursamsetningu, ásamt líkansgerð, er fljótleg aðferð sem ætti að geta gefið góða vísbendingu úr um raunveruleg áhrif skotveiða á stofnbreytingar frá ári til árs.

Vöktun á stofninum ein sér nægir þó ekki ef menn vilja skilja rjúpnasveifluna til hlítar og þess vegna er brýnt að bæta hér við fleiri vöktunarpáttum, einkum mælingum á beitarálagi og breytingum á gæðum beitargróðurs. Ítarlegri rannsóknir á einstökum þáttum í skemmri tíma gætu einnig reynst árangursríkar.

Mjög tímafrekt er að afla traustra tölfræðilegra upplýsinga um rjúpnastofninn vegna þess að aðeins er völ á tíu endurtekningum (sveiflum) á hverri öld. Líklegt er að hver sveifla sé að einhverju leyti skýranleg út frá ferlum sem endurtaka sig í hverri sveiflu (dæmi: samband dauðsfalla á fyrsta ári við stofnstærðarbreytingar) og atburðum sem gerast aðeins í sumum sveiflum (dæmi hretviðri í júlí 1966 sem drap mikinn hluta rjúpnaunga norðanlands, maðkaár í þingeynskum heiðum um 1974).

Mat á áhrifum af breyttum veiðisiðum, hvort sem farin er sú leið að stytta eða færa til veiðitíma eða alfriða rjúpuna, er fyrirsjáanlega mjög erfitt. Til dæmis er nú gripið til alfriðunar í stofnlægð 2003 (“sögulegu lágmarki” að sögn sumra), en telja verður mjög sennilegt að þessu lágmarksári fylgi 3-5 fjölgunarár. Undirituðum er ekki ljóst hvernig menn hyggjast meta árangur af friðunaraðgerðum, hvert verður viðmiðið að aðgerð hafi heppnast eða misheppnast, og raunar má spyrja af hverju ekki hafa verið birtar fyrirfram skilmerkilegar tilgátur um áhrifin sem hægt er að prófa að aðgerðum loknum.

Reykjavík, 2. desember 2003.



Arnþór Garðarsson



Alþingi
Erindi nr. P 130/559
komudagur 9.12.2003

Umhverfisnefnd
Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 5. desember 2003
SÞ/hó


Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um afléttingu veiðibanns á rjúpu
Tilv: 2003110026

Bændasamtök Íslands vísa til meðfylgjandi umsagnar um “Aðgerðir til verndar rjúpnastofninum” dags. 18. júlí 2003.

Ennfremur skal tekið fram að ljóst er að veiðibann á rjúpu mun gilda fyrir yfirstandandi veiðitímabil og verður ekki fjallað um það frekar.

Varðandi veiði næstu ára er rétt að ítreka Bændasamtökin telja að eðlilegt sé að nýta rjúpnastofninn hóflega og að það verði best gert með takmörkuðum skipulögðum veiðum í eignarlöndum en friðun almenninga.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurgeir Þorgeirsson



AFRIT

Magnús Jóhannesson
Umhverfissráðuneytið
Vonarstræti 4
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 18. júlí 2003

Efni: Aðgerðir til verndar rjúpnastofninum

Tilv:2003070022

Vísað er í bréf ráðuneytisins dags. 10. júlí sl. þar sem leitað er álitis á framkomnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum. Hinn skammi frestur, sem gefinn var á hábjargræðistíma bænda gerði erfitt að afgreiða málið, en stjórn Bændasamtakanna hefur komið sér saman um eftirfarandi umsögn.

Tæpast leikur vafi á að rjúpnastofninn er í sögulegu lágmarki víðast um landið, þótt staða hans sé eitthvað mismunandi. Ekki er að fullu þekkt hvað veldur, en þó vitað að margt hefur áhrif á stofnstærð rjúpunnar. Ekki er vafi á að skotveiðar skipta þar verulegu máli, en þó verður ekki horft fram hjá því að fleira kemur til. Vitað er að refurinn er mjög fundvís á egg og unga rjúpunnar sem og annarra fugla er verpa í íslenskri náttúru. Fjölgun refa á síðustu árum hefur því augljóslega áhrif á stærð rjúpnastofnsins.

Kunnugir telja að minkurinn dreifi sér æ víðar um landið og virðist nú vera farinn að búa sér greni og fæða hvolpa fjær vatnsföllum en áður, og því má ætla að hann sæki æ meir í fuglaegg og unga. Þá er þekkt að fálkinn veiðir rjúpu, ef hann á hennar kost og mun stofnstærð fálkans sveiflast í takt við stærð rjúpnastofnsins. Fyrr á árum var fálkinn að nokkru nýttur, bæði egg og ungar, en er nú alfríðaður og raunar nokkru kostað til að verja hann öðrum fuglum fremur.

Þannig má færa fyrir því ýmis rök að fleira en auknar skotveiðar valdi breytingum á fjölda rjúpna og horfa verði á lífríkið í heild, þegar metið er hvernig best verði tryggð fjölgun rúpu.

Þá er á það að líta að rjúpnaveiðar eru hluti af atvinnustarfsemi á landsbyggðinni m.a. vegna leigutekna og sem afþreyingarmöguleiki í tengslum við lengingu nýtingartíma ferðaþjónustuaðstöðu. Algjör friðun rjúpunnar myndi því hafa í för með sér tekjumissi fyrir einhverjar fjölskyldur á landsbyggðinni sem taka verður tillit til.

Við umfjöllun um hvernig standa skuli að verndun og nýtingu rjúpunnar á komandi árum er rétt að horfa til þess, hvernig staðið hefur verið að verndun og nýtingu laxastofnsins í íslenskum laxveiðiðám. Þar hefur lengi verið lögboðið, að landeigendur störfuðu saman að verndun og nýtingu laxastofna hvers veiðisvæðis og veiðialag fyrfram ákveðið og veiði og arði af henni skipt. Má ætla að laxveiði væri hér minni en nú er, ef veiðarnar hefðu verið eins frjálssar og þær hafa verið á rjúpunni.

Í ljósi þess sem fram er komið hér að ofan er mælt gegn fimm ára banni á rjúpnaveiðum, en jafnframt bent á nokkur atriði sem gætu bætt stöðu rjúpnastofnsins samhliða hóflegri nýtingu hans.


Auka þarf fjárframlög til refaveiða og skipuleggja átak til fækkunar refa.

Auka þarf veiðar á mink og staðfesta, að minkurinn er meindýr sem eyða verður með öllum tiltækum ráðum hvar og hvernær sem til hans næst. Virkja þarf bændur landsins til gildruveiða á mink á þeim árstímum sem slíkar veiðar eru vænlegastar.

Takmarka á sókn í rjúpnastofninn og byggja þá takmörkun á fjölda sóknardaga ásamt því að setja skorður við þeirri tækni sem beita má við veiðarnar. Þetta má gera með þeim hætti að banna algjörlega í 5 ár rjúpnaveiðar á almenningum og afréttum, en heimila bændum að leyfa rjúpnaveiðar í heimalöndum og þá miðað við ákveðinn fjölda veiðidaga og skilgreindar veiðiaðferðir. Öll leyfi yrðu skráð á nöfn veiðmanna og landeigandi væri ábyrgur fyrir skilum á veiðiskýrslum og að sókn sé innan tilskilinna marka. Gert er ráð fyrir að bændur skipuleggi sameiginlega nýtingu á landfræðilega afmörkuðum svæðum (svipað fyrirkomulag og í laxveiðiðám).

Bændasamtök Íslands lýsa sig reiðubúin til viðræðna um frekari útfærslu þeirra hugmynda sem hér eru settar fram og vænta góðs samstarfs við umhverfisráðuneyti um verndun rjúpnastofnsins samfara hóflegri nýtingu hans.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurður Þorgeirsson

Umhverfisnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 130/422
komudagur 2.12.2003

Reykjavík 1. desember 2003

Efni: Umsögn Dýraverndarráðs um tillögu til þingsályktunar um afléttingu veiðibanns á rjúpu.

Dýraverndarráð fjallaði um ofangreinda þingsályktunartillögu á fundi sínum þann 25. nóvember 2003. Skiptar skoðanir voru í ráðinu og koma bæði sjónarmið fram í umsögninni.


Meirihluti ráðsins sem samanstóð af fulltrúa Hins Íslenska Náttúrufræðifélags; Arnóri P. Sigfússyni og fulltrúa Bændasamtakanna, Ásthildi Skjaldardóttur tekur undir þingsályktunartillöguna og leggur til að hún verði samþykkt. Meirihlutinn er á sama máli og Umhverfisstofnun að það hafi verið of langt gengið að alfriða og hefði verið hægt að ná fram samdrætti í veiðum með öðrum aðferðum, í sátt við flesta, eins og t.d. sumum þeirra sem upp eru taldar í þingsályktunartillögunni. Meirihluti ráðsins tekur því undir það að algjöru veiðibanni verði aflétt, sem úr þessu yrði vart fyrr en næsta ári og tíminn fram að næsta veiðitímabili verði notaður til að ná sátt um aðgerð sem miðar að því að draga úr veiðiálagi meðan stofninn er í náttúrulegu lágmarki.

Minnihluti ráðsins sem var fulltrúi Samtaka Dýraverndarfélaga, Björn Styrmir Árnason og mælir hann ekki með að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Minnihlutinn telur ekki að það að aflétta veiðibanninu muni auka fjölda rjúpna á landinu. Þar sem margir staðir á landinu eru nánast orðnir rjúpnalausir eins og í kringum höfuðborgina er það vilji dýraverndarsamtakanna að bannið verði áfram í gildi.

Fulltrúi Dýralæknafélags Íslands, Auður Arnþórsdóttir, var erlendis og tók því ekki þátt í afgreiðslu umsagnarinnar.

Virðingarfyllst


Arnór Þórir Sigfússon
Formaður.

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/421

komudagur 2.12.2003

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 28. nóvember 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um afléttingu veiðibanns á rjúpu, 154. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Með vísan til fyrri samþykktu Eyþings mælir stjórnin með samþykkt tillögunnar.

f.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónasson
framkv. Stjóri

Fylgiskjöl:

Umsögn stjórnar Eyþings, dags. 19. nóvember 2002, um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum, 11. mál.

Afrit af bréfi til umhverfisráðherra, dags. 24. september 2001, með ályktun aðalfundar Eyþings 2001.

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 19. nóvember 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfissnefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum, 11. mál.

Stjórn Eyþings áréttar ályktun sína um þetta mál frá aðalfundi Eyþings 2001, sem fram kemur í fylgiskjali III með tillögunni. Stjórnin saknar þess að ekki skuli liggja fyrir niðurstöður um árangur friðunar á þeim svæðum þar sem henni hefur verið beitt. Stjórnin telur því að svo stöddu ekki þörf á að ganga lengra en sem nemur fyrri ályktun sinni um þessi mál og mælir með að veiðitímabilið hefjist 1. nóvember.

f.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is

Akureyri 24. september 2001

Umhverfisráðherra
Siv Friðleifsdóttir
Vonarstræti 4
150 Reykjavík

Á aðalfundi Eyþings 31. ágúst og 1. september s.l var eftirfarandi ályktun samþykkt:


Aðalfundur Eyþings, haldinn í Hrísey 31. ágúst og 1. september 2001, tekur undir erindi Svalbarðshrepps um að stytta rjúpnaveiðitímabilið um 2 vikur. Lagt er til að veiðitímabilið hefjist 1. nóvember. Búast má við að landið þoli frekar ágang veiðimanna eftir að frysta tekur, og veiðin verði meiri íþrótt vegna þess að möguleiki rjúpunnar til lífs eykst.

Í erindi frá hreppsnefnd Svalbarðshrepps sem lagt var fyrir aðalfund Eyþings kom eftirfarandi fram:

“Sókn í rjúpnastofninn hefur farið árvaxandi og samfara því hefur utanvegaakstur og landsþjöll og sjónmengun af völdum hans orðið æ meira vandamál, sem illa gengur að hafa hemil á, þrátt fyrir tilburði lögreglu og landeigenda í þá veru. Það er skoðun hreppsnefndar Svalbarðshrepps að það væri til verulegra bóta í þessum efnum að hefja veiðar ekki fyrr en 1. nóvember. Þá er jörð yfirleitt tekin að frjósa og snjór kominn í hærri afréttir, en þó nægur tími fyrir þá sem vilja ganga til rjúpna að ná í jólamatinn. Þá er það samdóma álit kunnugra að nú í sumar sé mun minna af varprjúpu hér í Norður-Þingeyjarsýslu en verið hefur undanfarin ár.”

Ályktun aðalfundarins er hér með komið á framfæri.

f.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri

Alþingi
Erindi nr. P 130/406
komudagur 2.12.2003



Fuglavernd Pósthólf 5069 • 125 Reykjavík • fuglavernd@fuglavernd.is • www.fuglavernd.is


Eva Margrét Ævarsdóttir, nefndarritari
Skrifstofu Alþingis
150 Reykjavík

Efni: Þingsályktun um að afnema friðun rjúpu

Stjórn Fuglaverndarfélags Íslands leggst alfarið gegn tillögu til þingsályktunar um að afnema nýlega friðun rjúpunnar til þriggja ára. Félagið ítrekar yfirlýsingu sína frá því í júlí í sumar þar sem umhverfisráðherra var hvattur til að friða rjúpu á fimm ár. Rjúpnastofninn stendur höllum fæti eins og rannsóknir Náttúrufræðistofnunar bera glögg vitni um og allt ber að gera til að hann nái að rétta úr kútnum. Róttækasta aðgerðin og sú sem líklegust er til árangurs er alfriðun í einhver ár. Hagsmunir fálkans eru í húfi, en rjúpan er aðalbráð hans og sterkur rjúpnastofn er forsenda þess að fálkinn haldist við í landinu. Íslendingar bera alþjóðlegar skuldbindingar gagnvart fálkanum (Bernarsamningur: Viðauki II, CITES-listi). Sterkur rjúpnastofn hlýtur einnig að vera ósk veiðimanna, til að tryggja veiðar í framtíðinni.

Þær leiðir sem lagðar eru til í þingsályktuninni, eru ekki eins árangursríkar og alfriðun. Stytting veiðitíma þarf að vera veruleg til að hafa áhrif, hún þarf að vera miklu meiri en gert er ráð fyrir í tillögunum, hámarksveiði á hvern veiðimann er aðgerð sem erfitt er að framfylgja og sama á við um bann við veiði ákveðna daga vikunnar. Hinar tillögurnar tvær, svæðisbundin friðun og tímabundið sölubann eru leiðir sem stjórn Fuglaverndarfélagsins hefur stutt. Það er mat stjórnar Fuglaverndarfélagsins að þær leiðir sem í sameiningu séu líklegastar til að skila árangri við að stjórna veiðum að lokinni friðun eftir þrjú ár séu sölubann, stytting veiðitíma og griðlönd. Friðuninni þarf að fylgja eftir með ítarlegum rannsóknum á afföllum rjúpu. Fuglaverndarfélagið styður eindregið ákvörðun umhverfisráðherra um þriggja ára friðun, bág staða stofnsins er ótvíræð og sé einhver vafi um áhrif skotveiða í þeirri atburðarás þá skuli varúðarreglan gilda og rjúpan njóta vafans en ekki veiðimenn.

Stórkseyri 1. desember 2003


Jóhann Óli Hilmarsson, formaður

Alþingi
Erindi nr. P 130/481
komudagur 4.12.2003

Umhverfisstofnun Alþingis
Eva Margrét Ævarsdóttir
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 02. desember 2003
2003110019/016-1
SB/hj

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afléttingu veiðibanns á rjúpu sbr. þskj. 154

Vísað er til erindis dags 17. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar þess efnis að Alþingi álykti að umhverfisráðherra aflétti veiðibanni á rjúpu sem fyrst. Í stað veiðibanns leggja flutningsmenn til að eftirfarandi leiðir verði farnar, ein eða fleiri, til að vernda íslenska rjúpnastofninn: stytting veiðitíma, svæðisbundin friðun, einkum þar sem rjúpu- og fálkastofninn eiga undir högg að sækja, tímabundið sölubann, hámarksveiði á hvern veiðimann og bann við veiðum tiltekna daga vikunnar, sem og aukið eftirlit með banni við notkun vélhjóla og vélsleða við veiðarnar.

Náttúrufræðistofnun Íslands lagði til sumarið 2002 að dregið yrði verulega úr rjúpnaveiði með því annars vegar að stytta veiðitímamann verulega (í 1 mánuð) og hins vegar að sett yrði á tímabundið bann við sölu á rjúpum. Markmið tillagnanna var að draga 50-75% úr veiðisókn til þess að skapa rjúpnastofninum svigrúm til að vaxa með sama hraða og hann gerði í uppsveifluárum á fyrri hluta 20. aldar, þ.e. 50-60% á milli ára. Það var mat stofnunarinnar að til þess að ná þessu markmiði með styttingu veiðitíma eingöngu (þ.e. ef áfram yrði heimilað að selja rjúpu), þá þyrfti að færa veiðitímamann niður í 1-2 vikur.

Alþingi hafnaði síðastliðið vor að setja á sölubann og mælti þess í stað með styttingu veiðitíma. Umhverfisráðherra bað Náttúrufræðistofnun Íslands í kjölfarið um nýjar tillögur til að draga úr veiði á rjúpu byggðar á tillögugerð stofnunarinnar frá 2002. Niðurstaðan varð að mæla með alfriðun rjúpu næstu 5 árin enda taldi stofnunin, og telur enn, algerlega óraunhæft að ná veiðinni nægilega mikið niður með styttingu veiðitíma einvörðungu.

Í greinargerð með áður nefndri þingsályktunartillögu segir í 2. málsgrein að rannsóknir skorti til að byggja á jafnafrifaríka ákvörðun og veiðibann er. Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að flutningsmenn taka undir eina af frumforsendum aðgerðanna, þ.e. að rjúpnastofninn standi höllum fæti. Óumdeilt er að síðasta stóra rjúpnahámarkið var 1955 og að áratugina þar á undan voru oftast nær stórir rjúpnatoppar með um 10 ára millibili. Eftir 1960 verða breytingar og topparnir (rjúpnahámörkin) hafa orðið æ lægri síðan. Síðasti toppurinn (1997) var einungis um fjórðungur af stærð toppsins 1955 ef marka má þau takmörkuðu gögn sem til eru frá þeim



tíma. Þetta ástand, sem varað hefur í nokkra áratugi, er óviðunandi að mati Náttúrufræðistofnunar.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur bent á að nokkrar ástæður geti verið fyrir lakari stöðu rjúpnastofnsins í dag. Veiðisóknin er hins vegar eini þátturinn sem unnt er að hafa áhrif á til skemmri tíma. Rannsóknir í Skandínavíu sýna að skotveiðar hækka heildarafföll á rjúpu, þ.e. leggjast að hluta til við hin náttúrulegu afföll. Hliðstæðar mælingar frá Íslandi gáfu svipaða niðurstöður; skotveiðar hafa því áhrif á rjúpnastofninn. Með skirskotun til varúðarreglunnar lagði Náttúrufræðistofnun því til að dregið yrði verulega úr veiði á rjúpum, þrátt fyrir að orsakasamhengi veiða og viðkomu rjúpnastofnsins væri ekki þekkt í þaula.

Í tillögunni er tekið undir það mat Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem var forsenda aðgerða umhverfisráðherra síðastliðið sumar, að rjúpnastofninn standi sannanlega höllum fæti og það beri að draga úr veiðisókn. Einnig er rétt að áréttta, líkt og flutningsmenn tillögunnar gera, hlutskipti fálkans, en fálkastofninn er algjörlega háður ástandi rjúpnastofnsins. Rannsóknir stofnunarinnar sumarið 2003 sýndu að fálkum hefur fækkað verulega á Vesturlandi og Suðurlandi þar sem verið hefur verið rjúpnaburrð í langan tíma.

Í þriðju málsgrein greinargerðarinnar segir að veiðibann eigi sér ekki hliðstæðu í sögu rjúpnaveiða á Íslandi. Þetta er á misskilningi byggt. Gripið var til tímabundinnar alfriðunar rjúpna nokkrum sinnum á fyrri hluta 20. aldar, þ.e. árin 1915, 1920-23, 1930-32 og 1940-42. Það er því rík hefð fyrir því að nota friðun til að draga úr veiðisókn í rjúpur hér á landi.

Flutningsmenn vilja draga úr sókn í rjúpnastofninn með öðrum aðgerðum en friðun. Þeir telja upp nokkra kosti, án frekari útfæringar, sem ráðherra er ætlað að taka afstöðu til. Þær leiðir sem nefndar eru í tillögunni eru allar í sjálfu sér skynsamlegir kostir við veiðistýringu og hafa verið ræddar oft áður í tengslum við verndun rjúpunnar:

1. **Stytting veiðitíma í 4-5 vikur.** Hefðbundinn veiðitími á rjúpu í næstum 80 ár hefur verið tæpar 10 vikur (69 dagar). Rannsóknir hafa sýnt að mestur hluti veiðinnar fellur til á fyrstu vikunum og við venjulegar aðstæður hafa um 80% fuglanna veiðst í lok 5. viku veiðitíma. Það er því mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að veiðimenn geti auðveldlega bætt sér að verulegu leiti upp þá sóknarskerðingu, sem fellst í 4-5 vikna veiðitíma, með því að sækja oftar. Því lagði stofnunin til sumarið 2002 að samhliða styttingu veiðitíma í einn mánuð (1.- 30. nóvember) yrði sett á tímabundið sölubann. Með því yrði dregið úr hvatningu til að stunda magnveiði og jafnframt myndu áhrif aðgerða koma fyrr fram en ef einungis yrði stuðst við sölubann þar sem áhrifa þess færi ekki að gæta að fullu fyrr en að nokkrum tíma liðnum.
2. **Svæðisbundin friðun.** Þetta er að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands vænleg leið til að stýra rjúpnaveiðum, þ.e. að hafa í bland svæði þar sem er veitt og svæði þar sem rjúpan nýtur griðar. Náttúrufræðistofnun lagði því til á síðastliðnu ári að hafist yrði handa um undirbúning slíkra aðgerða. Svæðisbundin friðun er flókin í framkvæmd og þarfnast nokkurra ára undirbúnings. Þess má geta að þau svæði sem má telja til rjúpnalanda á veiðitíma og rjúpnaveiðar eru nú bannaðar á (að Reykjanesskaga meðtöldum) eru í heild fremur lítil eða á að giska innan við 10% af veiðilendunum. Til þess að svæðisbundin friðun komi að tilætluðum notum þurfa svæðin í heild að vera mun víðáttumeiri og dreifast á öll helstu rjúpnaveiðilöndin.
3. **Tímabundið sölubann.** Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands er þetta, ásamt styttingu veiðitíma, vænlegasta aðgerðin til að draga úr sókn í rjúpuna. Því lagði stofnunin þessa aðgerð til sem aðra helstu leiðina til að draga úr sókn í tillögum sínum




sumarið 2002. Þrátt fyrir það að Alþingi hafi hafnað þessari leið telur Náttúrufræðistofnun engu að síður að sölubann á villibráð hljóti að verða meðal þeirra stjórnækja sem umhverfisyfirvöld þurfa að hafi í höndunum til að stunda skynsamlega veiðistýringu. Náttúrufræðistofnun áréttar hér einnig þá skoðun að skotveiðar eigi fyrst og fremst að vera tómsundaiðja.

4. **Hámarksveiði á hvern veiðimann.** Helsti gallinn við þessa leið er að hún er talsvert flókin í framkvæmd. Aðferðir til að setja veiðimönnum skorður með kvótum þurfa m.a. að uppfylla eftirfarandi: (1) auðkenna þarf alla veidda fugla með merkjum sem ekki nást af án þess að skemma þau, (2) merkin verða að bera auðkenni sem rekja má til einstaks veiðimanns (veiðikorthafa), (3) merkin verða að vera óframseljanleg, (4) háar sektir verða að vera við misnotkun og (5) virkt eftirlit er nauðsyn! Þetta kerfi hefur t.d. verið notað sums staðar við gæsaveiðar í Bandaríkjunum. Á sínum tíma var lagt til í frumvarpi til villidýralaga að heimila að setja kvóta á veiðimenn. Það ákvæði var hins vegar felld út í meðförum Alþingis.

5. **Bann við veiði tiltekna daga vikunnar.** Þetta er önnur útfærsla á tillögu nr. 1 hér að ofan. Hugsunin með þessu er að brjóta frekar upp þann takmarkaða tíma sem gefinn er til veiða. Þessi aðferð ásamt því sem boðað er í lið 1 og 2 eru að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands vænlegir kostir til veiðistýringar, svo fremi sem hvatinn sem felst í því að geta selt rjúpur sé ekki fyrir hendi.

Náttúrufræðistofnun Íslands mælir gegn afléttingu veiðibanns á rjúpu þar til öflug stjórnækki, sem tryggja sjálfbærar veiðar, hafa verið skilgreind og lögfest. Í stað þess leggjur stofnunin til að umhverfisnefnd geri nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 64/1994 og bæti við ákvæðum er heimila umhverfisráðherra að setja á (tímabundið) sölubann á hvers kyns villibráð og að heimilað verði að takmarka veiðar með óframseljanlegum kvótum á einstaka veiðimenn. **Slík stjórnækki, ásamt þeim sem ráðherra hefur þegar lögum samkvæmt, munu auðvelda alla veiðistýringu í framtíðinni.** Náttúrufræðistofnun Íslands er reiðubúin að vinna með nefndinni að mótn slíkra lagabreytinga.

Viðingarfyllst,

Snorri Baldursson,
aðstoðarforstjóri





NÁTTÚRUSTOFA SUÐURLANDS

SOUTH ICELAND INSTITUTE OF NATURAL
HISTORY

Alþingi

Erindi nr. P 130/320

komudagur 26.11.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Vestmannaeyjar, 24. nóvember 2003.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afléttingu veiðibanns á rjúpu, þingskjal 154, 154. mál.

Náttúrustofa Suðurlands vill byrja á að vísa í tvær fyrri umsagnir stofunnar um málefni rjúpunnar. Þetta eru:

- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum, þingskjal 11 – 11. mál - frá 29. október 2002
- Umsögn um „Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum“ þingskjal 499, 404. mál – frá 7. janúar 2003.

Ljóst er að breytingar hafa orðið á hámarksstærð og viðkomu rjúpnastofnsins og að veruleg fækkun hefur orðið á mörgum svæðum. Þetta hefur síðan haft áhrif á aðra stofna og þá sérstaklega á fálkastofninn. Talningar benda til dæmis til verulegrar fækkunar fálka á suðvesturlandi. Þó ekki sé að fullu ljóst af hverju fækkun hefur orðið á rjúpnastofninum þá er ljóst að veiðiálagið er sá þáttur sem hægt er að stjórna.

Algert veiðibann á rjúpu kemur sér mjög illa fyrir ýmsa hagsmunaaðila auk þess sem það getur haft neikvæð áhrif á veiðikortakerfið. Því hefði kannski verið æskilegt að grípa til mildari aðgerða í fyrstu, svo sem sölubanns eða styttingu á veiðitíma. En fyrst veiðibann er komið á **telur Náttúrustofa Suðurlands ekki rétt að aflétta banninu** fyrir en ljóst er hvaða árangri það hefur skilað. Því sé rétt að bíða með ákvörðun um afléttingu veiðibanns, a.m.k. þar til Náttúrufræðistofnun Íslands hefur unnið úr þeim talningum á rjúpu sem væntanlega verða gerðar næsta vor.

Virðingarfyllt,

Ingvar A. Sigurðsson
forstöðumaður

Alþingi
Erindi nr. P 130/441
komudagur 3.12.2003

Til nefndarsviðs Alþingis
Alþingi 150 Reykjavík

Hvanneyri 1.12.2003

Umsögn Náttúruverndarsamtaka Vesturlands

um 154. mál

Tillaga til þingsályktunar um afléttingu veiðibanns á rjúpu


Náttúruverndarsamtök Vesturlands telja að auka þurfi rannsóknir og bæta skilning á ástæðum þeirrar lægðar sem nú er á íslenska rjúpnastofninum.

Á meðan skilningur manna er ekki betri en raun ber vitni, telja samtökin brýnt að alfríða stofninn í um 2-3 ár til þess að tegundin fái að njóta vafans varðandi núverandi ástand.


Þannig gæfist einnig gott tækifæri til að skoða áhrif algerrar friðunar á stofnstærð og á þeim grundvelli, auk annarra rannsókna, mætti draga ályktanir um að hvaða marki takmarka þarf sókn í stofninn í framtíðinni.

Samtökin leggjast því alfarið gegn þingsályktunartillögunni.

F.h. stjórnar Náttúruverndarsamtaka Vesturlands



Björn Þorsteinsson form.



Alþingi
Erindi nr. P 130/651
komudagur 19.12.2003

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfisnefnd Alþingis
b.t. Evu M. Ægisdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 15. desember 2003

Sam 348/2003 PS/sp
Tilv.: 215,1


Efni: Tillaga til þingsályktunar um afléttingu veiðibanns á rjúpu

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 12. desember, var lagt fram bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 17. nóvember 2003, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um afléttingu veiðibanns á rjúpu, 154. mál.

Stjórnin samþykkti að taka ekki afstöðu til málsins af þeirri ástæðu að nú væri að störfum nefnd sem gera á tillögur um aðgerðir til að styrkja rjúpnastofninn í framtíðinni og á formaður sambandsins sæti í nefndinni.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri



**SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM**
FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Alþingi
Erindi nr. P 130/372
komudagur 28.11.2003

Suðurnesjum 25. nóvember 2003.

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.

Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um afléttingu veiðibanns á rjúpu, 154. mál.


Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 20. nóvember s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 17. nóv. 2003 þar sem óskað var til umsagnar tillaga til þingsályktunar um afléttingu veiðibanns á rjúpu, 154. mál.


Eftirfarandi var fært til bókar.

Stjórnin tekur ekki afstöðu til þingsályktunarinnar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson, framkv.stj.



Alþingi
Erindi nr. P 130/344
komudagur 2 130/344 2003

SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS

The Icelandic Hunting and Shooting Association. Den Islandske jagt og skytteforening.

Landsfélag um skynsamlega skotveiði

Laugavegur 103, 105 Reykjavík

sími 551 4574 símbref 551 4584

Reykjavík, 26. nóvember 2003

Nefndasvið Alþingis

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunartillögu um afléttingu veiðibanns á rjúpu.

Skotveiðifélag Íslands fagnar fram kominni þingsályktunartillögu um afléttingu veiðibanns á rjúpu. Þingsályktunartillaga þessi er svo sannarlega tímabær ef það er haft í huga að nánast allir veiðimenn eru rjúpnaveiðibanninu andvígir, sömuleiðis stofnanir eins og Umhverfisstofnun, hagsmunasamtök eins og Bændasamtök Íslands og gagnmerkir vísindamenn, nefna mætti fuglafræðingana Dr. Arnór Þóri Sigfússon og prófessor Arnþór Garðarsson. Þá verður ekki annað séð en að meirihluti þingmanna séu andstæðir rjúpnaveiðibanninu, í það minnsta þorri stjórnarþingmanna. Þá vill félagið vekja athygli á skoðanakönnun IMG Gallup sem gerð var fyrir Skotveiðifélag Íslands en þar voru 54% aðspurðra fylgjandi veiðibanni. En þegar spurt var um afstöðu manna til veiðibannsins ef gripið yrði til marktækrar veiðistjórnunar, t.d. styttingu veiðitímans, var niðurstaðan sú að 64,1% Íslendinga eru fylgjandi rjúpnaveiðum, en vilja þó grípa til einhverra verndaraðgerða.

Skotveiðifélag Íslands telur nauðsynlegt að grípa til einhverra verndaraðgerða og þá fyrst og fremst vegna svo kallaðra magnveiðimanna, þ.e.a.s. að 10% veiðimanna veiða um helming allra rjúpna, eða 50 rjúpur eða fleirri. Félagið telur að skotveiðar eigi að vera frístundaiðja en séu ekki stundaðar til fjárhagslegs ávinnings.

Skotveiðifélag Íslands leggur því fram eftirfarandi tillögur:

- a) Að veiðitíminn verði stuttur úr 68 dögum í 28 daga, þ.e.a.s. að veiðar hefjist 25. október og veitt verði til og með 6. desember. Leyft verði að veiða frá 25. október til og með 31. október eða í 7 daga samfleytt

Þá er veiðidagur góður er sæmilega er veitt, með talsverðri líkamlegri áreynslu, vakandi náttúruskyni og sært dýr liggur ekki eftir að kvöldi.

og síðan vikulega frá og með miðvikudegi til og með laugardags, eða 4 daga í viku. Rjúpnaveiðar verði sem sagt ekki heimilaðar sunnudaga, mánudaga og þriðjudaga. Ef tekið er tillit til veðurfars á Íslandi má ætla að um 30% veiðidaga falli niður vegna veðurs, virkir veiðidagar eru því aðeins u.þ.b. 20 talsins. Á þessum skamma tíma gæfist veiðimönnum kostur á því að veiða í jólamatinn en hefðu litla möguleika á magnveiði. Þá sýnir skoðanakönnun veiðistjórnunarsviðs Umhverfisstofnunar að það sem helst ræður því að menn fara til veiða eru frídagar og veðurfar. Náttúrufræðistofnun Íslands telur að á 1 mánuði megi veiða svípað margar rjúpur og gert hefur verið undanfarin ár. Að ráðum þeirra erlendu sérfræðinga sem SKOTVÍS hefur verið í sambandi við leggjum við því til að veitt verði frá október og fram í desember til að dreifa veiðialaginu, eða eins og áður hefur komið fram aðeins 4 daga í viku.

- b) Að komið verði upp gríðarsvæðum víða um landið og þau skráð. Vissulega eru mörg svæði friðuð víða um land, til að byrja með mætti stækka þau svæði ef þurfa þykir en þýðingarmest er þó að hafa eftirlit með þeim svo að þar verði ekki veitt. Þá er rétt að benda á að fjölmargir landeigendur leyfa ekki rjúpnaveiðar á löndum sínum þannig að nú þegar eru töluverð svæði friðuð. Ef þurfa þykir mætti bæta friðuðum svæðum við þau sem fyrir eru.
- c) Að komið verði á sölubanni á rjúpum til veitingahúsa og verslana. Skiptar skoðanir eru um gildi sölubanns á villibráð. Reynslan frá Skotlandi og Bandaríkjunum er þó góð, skoðanakönnun Umhverfisstofnunar sýnir að það eru tiltölulega fáir veiðimenn sem selja rjúpur. Sölubann hefur því fyrst og fremst siðferðislegt gildi en um það er þó víðtæk samstaða á meðal hagsmunaaðila.

Skotveiðifélag Íslands leggur til að þessar takmarkanir verði til næstu 5 ára en þó endurskoðaðar að 3 árum liðnum. Þá vill félagið benda á að ef sölubann á rjúpu yrði ekki samþykkt þá mætti hugsa sér aðrar aðgerðir eins og t.d. það að banna rjúpnaveiðar með hálfsjálfvirkum haglabyssum og leyfa þær aðeins með eins og tveggja skota byssum.

Virðingarfyllt

Sigmar B. Hauksson
formaður SKOTVÍS

Þá er veiðidagur góður er sæmilega er veitt, með talsverðri líkamlegri áreynslu, vakandi náttúruskyni og sært dýr liggur ekki eftir að kvöldi.

Alþingi
Erindi nr. P 130/423
komudagur 2.12.2003

U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Alþingi
Umhverfisnefnd
150 Reykjavík

Áki Ármann Jónsson
aki@ust.is

Dags.	Tilv. vor	Bréf yðar dags.	Tilv. yðar
28.11.2003	UST20031100098	17.11.2003	

Efni: Þingsályktun um afléttingu veiðibanns á rjúpu.

Vísað er til erindis Umhverfisnefndar Alþingis dags. 17.11 sl.

Umhverfisstofnun sendi til Umhverfissráðuneytis meðfylgjandi bréf dags. 18.07.2003 ásamt greinargerð um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum. .

Í henni kemur fram að Umhverfisstofnun telur að með tilliti til mats NÍ á lækkandi toppum rjúpnastofnsins sé réttlæt看legt að grípa til þeirra aðgerða sem flutningsmenn tillögunnar setja fram. Rökstuðning fyrir þeim aðgerðum er að finna í greinargerð Umhverfisstofnunar til Umhverfissráðuneytis.

Umhverfisstofnun bendir hinsvegar á að sú leið sem stofnunin mælti helst með var að setja á tímabundið sölubann. Til þess þarf að breyta lögum og veita ráðherra heimild til að grípa til slíkra aðgerða.

Umhverfisstofnun vill benda á að stofnunin gaf nýlega út skýrslu um umfangsmikla skoðanakönnun sem var framkvæmd á síðasta ári og náði til um 1.000 skotveiðimanna. Könnunin náði yfir fjölmarga þætti veiða, t.d. hvað er veitt, athafnir og afstöðu veiðimanna. Helstu niðurstöður skýrslunnar varðandi rjúpnaveiðina voru eftirfarandi:

1. Veiðitölur á rjúpu eru mjög nákvæmar. Um 92% veiðimanna segjast alltaf gefa upp réttar veiðitölur á rjúpu og 2% til viðbótar segjast oftast gefa upp réttar veiðitölur. Lítið er um hópveiði á rjúpnaveiðum og því litlar líkur á að rjúpnaveiði sé tvískráð á veiðiskýrslur.
2. Um 88% aðspurðra höfðu einhverrtíma farið á rjúpnaveiðar og af þeim fer rétt um helmingur á hverju ári. Rjúpan er langvinsælasta veiðibráð á Íslandi.
3. Veiðiálagið dreifist nokkuð jafnt yfir fyrsta einn og hálfan mánuðinn en dregur síðan úr veiðiálaginu í desember.
4. Fritími og veður ræður mestu um það hversu oft menn fara til rjúpna.
5. Tæplega helmingur veiðimanna eða 46% veiða rjúpur einungis fyrir sjálfa sig.
6. Um 27% rjúpnaaflans er seldur og annað eins er gefið. Á það ber hinsvegar að líta að árið 2001 var lágmarksár í rjúpu og því kannski ekki mikið til skiptanna. Áhugavert væri að endurtaka þessa könnun í næsta toppi rjúpnunnar og bera saman niðurstöður.

7. Um 9% veiðimanna nota hunda á rjúpnaveiðum og þeir veiða svipað pr. dag og hundlausir. Hins vegar fara hundaveiðimennirnir oftar á rjúpu eða 9,6 daga á móti 4,4 daga hjá hundlausum.
8. Einnig kom í ljós að nýliðun veiðimanna á síðustu árum fer minnkandi og má jafnvel rekja það til aukinna krafna sem hafa verið gerðar til hæfni veiðimanna.
9. Ef grípa þyrfti til aðgerða til verndar rjúpnastofninum væru flestir veiðimenn á því að stytta veiðitímann(41%), setja á sólubann(36%) og loka veiðisvæðum(33%)


Meginniðurstaðan er sú að veiðitölur á rjúpu er mjög nákvæmar og að langflestir veiðimenn munu sætta sig við skertan aðgang að þessari auðlind ef rannsóknir sýna að slíkt sé nauðsynlegt

Hafi Umhverfisnefnd áhuga á að fá eintök af skýrslunni eða nánari upplýsingar er Umhverfisstofnun tilbúinn til þess að senda fulltrúa sinn á fund nefndarinnar til þess að kynna niðurstöðurnar.

Virðingarfyllst,



Davíð Egilson
Forstjóri



Áki Ármann Jónsson
Forstöðumaður veiðistjórnarsviðs

Fylgiskjal:
Afrít af bréfi dags. 18.07.2003 og greinargerð Umhverfisstofnunar til Umhverfissráðuneytisins.